

Alþingi
Erindi nr. P 139/33
komudagur 27.10.2010

Til allsherjarnefndar Alþingis

27. október 2010.

Umsögn Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttardómara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, með síðari breytingum, 139. löggjafarþing 2010-2011. Þingskjal 10 - 10. mál.

Ég tel það til fyrirmyndar að allsherjarnefnd skuli hafa sent hverjum einstökum dómara við Hæstarétt frumvarpið til umsagnar. Um er að ræða tillögu um breytingu á lagareglum sem varða innra starf Hæstaréttar. Með því að haga álitsumleitan með þessum hætti er dómurum við réttinn sýnd virðing og tillitssemi. Fyrir það ber að þakka.

Undirritaður telur að lagabreyting sú, sem gerð er tillaga um í frumvarpinu, sé af hinu góða og styður hana. Hann tekur undir röksemdir sem fram eru færðar í athugasemdum með frumvarpinu.

Í reynd er aðalbreytingin, sem hér er gerð tillaga um, fólgin í því að gefa skuli almenningi meiri upplýsingar en verið hefur um samningu dóma Hæstaréttar. Nú gildir sú skipan, svo sem raunar kemur fram í nágildandi 2. mgr. 165. gr. laga nr. 91/1991, að einn dómari semur atkvæði að dómi og aðrir taka afstöðu til þess með því að rita á það samþykki sitt eða með því að skila sér atkvæði. Upplýsingar um hver samið hafi atkvæði eru hins vegar ekki birtar almenningi. Engin þörf er að mínum dómi á þeirri leynd.

Líklegt er að breytingin myndi leiða til þess að einstakir dómarar, sem í sjálfu sér styddu atkvæði frummælanda, myndu frekar en nú tíðkast gera skriflegar athugasemdir er þeir greiða atkvæði. Það er rétt sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að stundum hefur það haft slævandi áhrif á texta dómanna að þar hefur verið reynt að bræða saman í einn texta mismunandi sjónarmið fyrir sömu niðurstöðu. Raunar eru til dæmi um að í forsendum dóms hafi mátt líta athugasemdir sem koma eins og „skrattinn úr sauðarleggnum“ og verða ekki auðveldlega felldar að forsendunum að öðru leyti. Verður þá oft

vandkvæðum bundið að meta fordæmisgildi dómsins vegna þess að sú athugasemd, sem fellur svo illa að dómstextanum að öðru leyti, er felld inn í hann og stafar því frá dóminum öllum. Hjá þessu yrði komist með því að gera ráð fyrir að sá sem vildi gera athugasemd við atkvæði, sem hann er sammála að niðurstöðu til, gerði það sérstaklega í sínu eigin nafni.

Einhver gæti talið að breytingin, sem frumvarpið ráðgerir, væri til þess fallin að auka starfsálag á dómurum réttarins. Það tel ég ekki. Strax að loknum munnlegum málf lutningi er jafnan haldinn dómarafundur svo sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 165. gr. laga nr. 91/1991. Þar talar frummælandi fyrstur og gerir grein fyrir niðurstöðu sinni og meginröksemdum fyrir henni. Þeir dómara sem eru honum sammála um hvort tveggja (langalgengast er að allir séu það) fá síðar tækifæri til að lesa textann með frummælandanum og benda á það sem þeir telja að betur megi fara. Fallist frummælandi á ábendingu gerir hann einfaldlega lagfæringu á textanum til samræmis. Þetta myndi ekkert breytast við lagabreytinguna. Starfshættirnir yrðu þar með oftast svipaðir þeim sem nú eru viðhafðir. Hins vegar myndu líkur minnka á því að frummælandinn, sem bæri einn ábyrgð á birtum texta sínum, færi að taka inn í hann athugasemdir sem ekki falla að textanum og draga þar með úr gæðum hans. Aðrir dómara myndu þá einfaldlega geta greitt niðurstöðu frummælanda atkvæði sitt með eigin athugasemd um það sem þeir vildu taka fram en frummælandi hafnaði. Hér sér hvergi votta fyrir auknu starfsálagi.

Ég tel vafalaust að það sé til þess fallið að skerpa persónulega ábyrgð dómara á verkum sínum að birta upplýsingar um samningu dómanna svo sem lagt er til í frumvarpinu. Slíkt tel ég að myndi bæta dómanna, bæði á þann hátt að þeir verði auðskiljanlegri en einnig á þann veg að fordæmisgildi þeirra verði skýrara en nú er.


Jón Steinar Gunnlaugsson